

Næstu áform 4
og 14 ha hafnarsvæð

Viðtal við Ólaf B. Thors um Reykjavíkurhöfn og tillögur að nýju aðalskipulagi

Í TILLÖGUM að aðalskipulagi fyrir Reykjavík fram til ársins 1995, sem unnið hefur verið að og nú liggja frammi á skipulagssýningunni á Kjarvalsstöðum, er að sjálfsögðu að finna framtíðarskipulag Reykjavíkurhafnar, en góð hafnaraðstaða er miðað við íslenzkar aðstæður alger forsenda eðlilegrar atvinnuþróunar í borginni, eins og segir í sýningarskrá. Gerð hafa verið drög að svæðaskipulagi hafnarinnar, sem í aðalatriðum fylgja fyrri hugmyndum, sumum hverjum, sem fram komu við upphaflegt skipulag af höfninni. En þar er líka að finna nýtt eða breytt fyrirkomulag. Gildir það bæði um gömlu höfnina, frá Granda að Ingólfsgarði, og Sundahöfn, sem mun í framtíðinni teygja sig frá Laugarnesi og inn að Gufunesi. Til að fá upplýsingar um skipulagshugmyndir um höfnina sneri Mbl. sér til Ólafs B. Thors, borgarfulltrúa, sem er bæði formaður hafnarstjórnar og hefur sem formaður skipulagsnefndar leitt vinnuna við nýja aðalskipulagið. Í upphafi samtalsins var ákveðið að byrja vestast í gömlu höfninni og rekja sig svo austur eftir strandlengjunni fyrir borgarlandinu norðanverðu. Og fyrsta spurningin, sem lögð var fyrir Ólaf, var því um það hvaða breytingar væru helztar á aðalskipulaginu í gömlu höfninni.



Ólafur B. Thors.



Uppfylling vestan við Grandann

— Þær breytingar eru helztar að nú er gert ráð fyrir landfyllingu vestan við verbúðirnar á Grandanum. Þar verði hægt að koma til móts við þjónustuaðila útgerðarinnar, sagði Ólafur. Þetta er liður í þeirri stefnu hafnarstjórnar að skipa starfsemi hafnarinnar niður í svæði. Vesturhluti gömlu hafnarinnar er þannig ætlaður undir fiskihöfn með þeim þjónustustofnunum, sem nauðsynlegar eru í því sambandi.

— Í tengslum við það er gert ráð fyrir aðstöðu til alls konar viðgerðarþjónustu á svæðinu í kringum Slippinn. Nú er verið að gera legurými fyrir Skipaútgerðina á svæðinu á milli Hafnarbúða og Verbúðabryggju og þar munu strandferðaskipin liggja. Standa vonir til að ljúka því á næsta ári.

— Við Ægisgarðinn munu liggja skip, sem þarfnast viðgerðar. Og hefur hafnarstjórn ákveðið að á bryggjunni verði komið upp þjónustu fyrir þessa aðila. Er þá átt við byggingu þar sem þeir, sem viðgerðir stunda í skipunum, geta fengið aðstöðu.

— Áður en lengra er haldið, Ólafur, skulum við víkja að olíuflutningunum. Nú eru komnir nýir olíutankar í og vestan við Örfirisey. Táknar það að olíuflutningum sé ætlaður framtíðarstaður þar?

— Í aðalskipulagstillögunum tókum við ekki beina afstöðu til olíuhafnar. Tvær hugmyndir hafa verið uppi. Annars vegar olíuhöfn í Geldinganesi, hins vegar stækkun á þessu athafnasvæði í Örfirisey. Þó fyrri kosturinn sé hagkvæmur, hefur hann mikla ókosti frá umhverfislegu sjónarmiði, sem hinn hefur ekki. Hins vegar er ljóst, að eigi að gera þar góða olíuhöfn, eru vandkvæði við að koma þar fyrir skipalagi. Nú er byrjað að færa út aðstöðuna í Örfirisey, sem tvö olíufélög hafa haft þar. En hvorki hafnarstjórn né borgarstjórn hafa kveðið upp úr með að þar skuli verða olíuhöfn.

— Er gamla hugmyndin um hafnargarð út í Engey og olíuhöfn þar úr sögunni?

— Ekki er búið að afskrifa neina hugmynd í þá átt. En það er kostnaðurinn, sem vefst fyrir okkur. Sú hugmynd er enn í yfirvegun hjá hafnaryfirvöldum.

Mýrargata verði hafnargata

— Nú, austurhöfnin gamla er ætluð fyrir vöruflutninga, auk þjónustu við aðra aðila, svo sem landhelgisgæzlu. Þar er varðskipum og rannsóknaskipum ætlaður staður.

— En hvað um uppland hafnarinnar? Nokkrar breytingar á skipulagi hafnarsvæðisins í Miðborginni?


— Á uppdráttum gatnakerfisins sést, að gert er ráð fyrir götu, sem liggur milli Nýlendugötu og Mýrargötu. Hugmyndin er að það svæði tilheyri höfninni og að Mýrargatan geti orðið umferðaræð innan hafnarsvæðisins, sem eingöngu þjónar höfninni. En samkvæmt hafnarreglugerð frá í fyrra nær höfnin á landi að Mýrargötu austanverðri, Tryggvagötu og að norðurbrún Kalkofnsvegar og Geirsgötu.

— Þess má geta, að mjög víðtæk könnun á þróunarmöguleikum hafnarinnar hefur farið fram á vegum Þróunarstofnunar borgarinnar og hafnaryfirvalda. Hefur verið athugað hvernig hægt væri að koma fyrir þeirri starfsemi, sem kallast hafnsækin, og sem þarf að vera í góðum tengslum við hafnarsvæðið. Í samræmi við það, þykir eðlilegt að reyna að rýma þarna til fyrir slíkt.

— Hvað um lokun hafnarinnar, sem oft hefur verið talað um?

— Lokun hafnarinnar er til athugunar í hafnarstjórn. Þar eru tvö sjónarmið, sem þarf að taka tillit til. Annars vegar kallar öryggissjónarmiðið á lokun hafnarinnar, en hins vegar er uppi sú skoðun, sem er rík í Reykvíkingum, að menn eigi að geta átt aðgang að höfninni til að koma þar sér til á nægju. Nýlega samþykkti hafnarstjórn að fá til viðræðna um öryggismál hafnarinnar fulltrúa frá Dagsbrún, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannafélagi Reykjavíkur, Slysavarnafélaginu, lögreglustjóra og öryggismálastjóra til að fjalla um þau mál.

Gamla höfnin og landnýtingin á hafnarsvæðinu. Röndótta svæðið vestan við Grandann er fyrirhuguð landfylling. Vesturhöfnin er ætluð sjávarútvegi (sjá fíngerðu rendurnar), austurhöfnin er ætluð fyrir vöruflutninga (sjá dílóttu svæðin, en grófgerðu rendurnar sýna viðgerðar- og þjónustusvæði upp af höfninni, svo sem miðsvæði hafnarinnar og við Ingólfsgarð.



Þetta kort sýnir Grafarvoginn. Dílótt
og hún er nú, en þar fara fram flu
væntanleg uppfylling er sýnd með
gert yfir voginn og ferskvatnstjörn fy

